



Þessi frétt er prentuð af Fréttavef Morgunblaðsins

Viðskipti | 31.08.2002 | 18:16

Undrast að keppinautar fái tækifæri til að kaupa 45% hlut í VÍS

Vegna fréttu síðustu daga af sölu Landsbanka Íslands á eignarhlutum í VÍS vill Björgólfur Thor Björgólfsson taka fram að áhugi hans og félaga hans, þeirra Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar, á kaupum á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands er enn til staðar. Hins vegar vekur það undrun að keppinautar um bankann fái tækifæri til að kaupa innan úr honum mikilvægar eignir á borð við 45% hlut í VÍS.

Björgólfur segir það vekja jafnframt spurningar að þeir tveir fyrirtækjahópar, sem einnig sækjast eftir hlut ríkisins í bankanum, fái að koma fram sem tveir aðilar, þegar eigna- og stjórnatengsl eru eins mikil á milli þeirra og raun ber vitni.

Björgólfur Thor Björgólfsson og félagar líta svo á að eiginlegar viðræður um kaup á hlut ríkisins í Landsbankanum séu ekki hafnar. Hingað til hafi aðilar einungis skipst á upplýsingum. Þá telur Björgólfur Thor að framvinda mála síðustu daga sýni að ekki eru í gildi skýrar reglur um hvernig standa skuli að sölu eigna ríkisins í bönkum.

Morgunblaðið

G A G N A S A F N

Laugardaginn 31. ágúst, 2002 - Innlendar fréttir

Yfirlýsing frá Kaldbaki fjárfestingarfélagi hf.

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi yfirlýsing frá Eiríki S. Jóhannssyni, fyrir hönd Kaldbaks fjárfestingarfélags hf.

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi yfirlýsing frá Eiríki S. Jóhannssyni, fyrir hönd Kaldbaks fjárfestingarfélags hf.:

"Að gefnu tilefni vill Kaldbakur að eftirfarandi komi fram:

Kaldbakur tekur undir þau viðbrögð sem fram hafa komið hjá Björgólfi Thor er varða þann þátt að Landsbanki Íslands hf. selji jafnmikilvæga eign frá sér og VÍS er meðan á sölufarli hans stendur. Tók Kaldbakur fram á fyrsta fundi sínum með einkavæðingarnefnd að eignarhlutur Landsbankans í VÍS væri bankanum afar mikilvægur.

Hins vegar bera orð Björgólfs Thors um "mikil eigna- og stjórnunartengsl milli Kaldbaks og þeirra fyrirtækja er mynda þriðja áhugahópin um Landsbankann, vott um mikla vanþekkingu hans á þeim aðilum sem einkavæðingarnefnd á nú í viðræðum við um sölu á Landsbanka Íslands hf.

Einu stjórnunartengsl sem um er að ræða eru að framkvæmdastjóri Kaldbaks situr í stjórn Eignarhaldsfélaganna Samvinnuþrygginga og Andvöku. Honum var ekki kunnugt um að félögin myndu lýsa yfir áhuga á bankakaupum fyrr en það var almenningi kunnugt."

© Morgunblaðið, 2002



Þessi frétt er prentuð af Fréttavef Morgunblaðsins

Viðskipti | Morgunblaðið | 01.09.2002 | 17:05

Studdi tilboð í hlut í VÍS

Eiríkur S. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Kaldbaks fjárfestingarfélags hf. og stjórnarmaður eignarhaldsfélaganna Samvinnutrygginga og Andvöku, sat stjórnarfund Samvinnutrygginga og greiddi atkvæði með því að gera tilboð í hlutabréf Landsbanka Íslands í VÍS.

Eiríkur segir það ekkert launungarmál að hann hafi greitt atkvæði með tilboði Samvinnutrygginga í hlutabréf Landsbankans í VÍS, en atkvæðinu hafi fylgt bókun sem hann vilji ekki greina frá nánar. Hann segir að þrátt fyrir þetta standi yfirlýsing frá Kaldbaki vegna málsins. „Eitt er að gera tilboð og annað er að selja,“ segir hann. „Ég er ekki sá aðili sem stóð í því að selja.“